



Tryggvi Gíslason
Birkir Jón Jónsson
Sunnusmári 10
201 Kópavogur

Kópavogi, 23. september 2025
25092481/501.00 BR

Efni: Svar við erindi er varðar hljóðvarnir og umferðaröryggi á Smárahvammsvegi við Sunnusmára.

Í erindi skráð í skjalakerfi Kópavogs dags. 15. september 2025 er óskað eftir að ráðist verði í aðgerðir varðandi hávaðamengun sem berist frá Smárahvammsvegi að húsi við Sunnusmára 10 og viðraðar áhyggjur varðandi göngupverun á Smárahvammsvegi við gatnamót Dalsmára „þar sem bifreiðar nálgast gangbrautina á miklum hraða og skapa þannig hættu“ eins og það er ritað í erindinu.

Upphaflega var Smárahvammsvegur með 2 akreinar í sitthvora átt, aðgreindar með málaðri miðlínu. Með aukinni uppbyggingu í nálægð við Smárahvammsveg var gatan breikkuð í 4 akreinar aðskildar með umferðareyju árin 2001 til 2002. Með aukinni íbúabyggð austan við Smárahvammsveg og aukinni áherslu á öryggi gangandi vegfarenda var gatan mjókkuð á ný í 2 akreinar í sitthvora átt árin 2022 og 2023 þar sem akreinar eru aðgreindar með miðeyju.

Samkvæmt mælingum sem voru framkvæmdar í vikutíma í mars árið 2021 og mars 2023 var heildarmagn bifreiða árið 2021 á meðan mælingin stóð yfir, 58.973 ökutæki í báðar áttir, meðalhraði 33-41 km/klst. háð akstursstefnu og 85% ökutækja óku undir 39-47 km/klst. einnig háð akstursstefnu. Sams konar mæling árið 2023 leiddi í ljós að heildarmagn ökutækja var 51.317 í báðar áttir, meðalhraði 42-47 km/klst. háð akstursstefnu og 85% ökutækja óku undir 47-52 km/klst. einnig háð akstursstefnu.

Heildarmagn ökutækja milli 2021 og 2023 dróst saman um rúmlega 7.600 ökutæki miðað við þann vikutíma sem mælingin stóð yfir en ekki er ósennilegt að framkvæmdir sem áttu sér stað á Smárahvammsvegi á þessum tíma hafi haft áhrif á umferðarmagn. Að sama skapi hefur umferðarhraði aukist um tæplega 10 km/klst. sem er því miður sú þróun sem hefur sést síðustu ár í flestum götum bæjarins sem og hjá öðrum sveitarfélögum. Hraðinn er þó ekki það mikill að fara þurfi í tafarlaugar aðgerðir.

Ekki hefur verið framkvæmd mæling á umferð um Smárahvammsveg 2024 eða 2025.

Árið 2024 var hávaði frá umferð kortlagður í öllum hverfum í Kópavogi með sérstaka áherslu á umferðarmestu göturnar, þar á meðal talið Smárahvammsveg. Niðurstaða þeirrar kortlagningar var að umferðarhávaði frá Smárahvammsvegi hefur mest áhrif á



Íbúðarhúsin við Sunnusmára 20-22, Sunnusmára 10-14 og Silfursmára 2. Hljóðstig við húsvegg þessara bygginga sem snýr að Smárahvammsveg er á bilinu 60-64 dB. Samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008 eru mörk vegna umferðar ökutækja við húsvegg íbúðarhúsnæðis á skilgreindu miðsvæði, 65 dB. Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs er Sunnusmári staðsettur á skilgreindu miðsvæði og er hávaði vegna umferðar ökutækja við húsvegg því ekki hærri en reglugerð um hávaða tilgreinir.

Uppsetning hljóðmanar eða hljóðvarnargirðingar meðfram Smárahvammsvegi er talsvert umfangsmikil framkvæmd sem þyrfti sérstakar fjárheimildar til. Uppsetning hljóðmanar eða hljóðvarnargirðingar mun væntanlega hafa neikvæð áhrif á birtuskilyrði í íbúðum á neðstu hæðum bygginganna og skyggja á sólar- og dagsbirtu þannig að fara þyrfti varlega í slíka framkvæmd.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar